

Mál nr. 5/2002

M og Vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar

Slys þegar maður datt í hálku í útitröppum þ. 17.2.2000.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.14.1. 2002. ásamt fylgiskjöllum 1-15.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingafélaganna nr. 819/01
3. Bréf V dags. 27.1.2002 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

M sótti námskeið í tölvuskóla og síðdegis þegar námskeiðinu var lokið og M var á leið að bíl sínum datt hann í útitröppum hússins þar sem að námskeiðið var haldið með þeim afleiðingum að hann brotnaði og hlaut af bæði tímabundna og varanlega örorku. Í útitröppunum þar sem M datt var snjór og þær hálur þannig að erfitt var að fóta sig skv. lögregluskýrslu. Lögmaður M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu námskeiðshaldarans sem er jafnframt eigandi viðkomandi húsnæðis og bendir á að útitröppurnar þar sem slysið varð fullnægi ekki ákvæðum laga og reglugerða um hvernig umbúnaður í útitröppum skuli vera. Lögmaðurinn segir að snjóbræðslukerfi í útitröppunum sé óvirkt og hafi húseiganda borið að sjá um að tröppurnar væru hreinsaðar. V hafnar bótaskyldu þar sem að ósannað sé að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna tryggingartaka eða vanrækslu hans við snjóhreinun og hálkuvarnir þá hafi ekki verið um vanbúnað á fasteigninni að ræða. V bendir á að gott skyggni hafi verið í umrætt sinn léttskýjað og engin úrkoma. V bendir á að M hefði í umrætt sinn getað lagt bíl sínum á efra plani sem nemendum sé ráðlagt að leggja á og hefði hann þá ekki þurft að ganga umræddar tröppur. Þá hefði M líka getað gengið niður akstursrampann. V heldur því fram að M hafi ekki sýnt eðlilega aðgát miðað við aðstæður og beri því hvað sem öðru líður ábyrgð á því hvernig fór. Loks bendir V á að húseigandi hafi ekki vitað að snjóbræðslukerfið virkaði ekki. Skv. bréfi Byggingarfulltrúans í Reykjavík dags. 4.1.2002 segir að umræddar útitröppur hafi verið skoðaðar og bent á að tröppurnar uppfylli ekki í nokkrum atriðum ákvæði þágildandi byggingarreglugerðar m.a. sé ekki handrið á tröppunum sbr. gr. 8.2.1.37 þágildandi byggingarreglugerðar.

Álit.

Í bréfi Byggingarfulltrúa Reykjavíkur frá 4.1.2002 kemur fram að útitröppur þær sem hér ræðir um eru ekki að öllu leyti í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru um útbúnað og frágang á slíkum tröppum sbr. þágildandi byggingarreglugerð. Mestu skiptir í þessu sambandi að ekki er handrið á útitröppunum sem veldur verulega aukinni slysaþættu við aðstæður eins og þær sem voru þegar M datt í tröppunum og slasaðist. Vátryggingataki ber ábyrgð á því að tröppurnar skuli ekki hafa verið byggðar í samræmi við reglur um frágang á útitröppum. Þar sem að handrið vantar og telja verður að það skipti verulegu máli í því sambandi sem hér ræðir um ber vátryggingataki sök á slysinu. Þrátt fyrir það að hægt hafi verið að komast með öðrum og einfaldari leiðum inn í húsið svo sem bent er á af V þá breytir það ekki að umræddar útitröppur voru til almennra nota fyrir þá sem erindi áttu í húsinu og húseiganda bar að sjá til þess að frágangur þeirra væri með fullnægjandi hætti. Hins vegar þykir M ekki hafa sýnt þá aðgætni sem að krefjast mátti af honum við þær aðstæður sem að hér ræðir um og ber hann því einnig sök á slysinu. Miðað við lýsingu á aðstæðum þá mátti M gera sér ljóst að í

Því gat falist hætta að ganga niður hálar tröppur eins og umbúnaður þeirra var. Þá er heldur ekki hægt að líta fram hjá því að M gat valið aðra og hættuminni leið úr húsinu. Við mat á aðstæðum þykir því rétt að M fái tjón sitt bætt að hálfu en beri helming tjóns síns vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna slyssins úr ábyrgðartryggingu vátryggingartakans hjá V að hálfu en ber helming tjónsins vegna eigin sakar.

Reykjavík 12.2.2002.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.